

## Minnisblað

### lagt fyrir fund fjölskylduráðs Hafnarfjarðar þann 23. apríl 2021

Á fundi fjölskylduráðs þann 11. september sl. var samþykkt að ráða verkefnastjóra til að halda sérstaklega utan um hóp vinnufærra einstaklinga á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu og úthluta þeim störfum við hæfi. Þann 2. nóvember sl. tók Brynjar Örn Svavarsson til starfa sem verkefnastjóri og var gerður sex mánaðar ráðningarsamningur eða til 2. maí 2021. Frá því hann hóf störf hefur megináhersla verið finna verkefni og störf við hæfi einstaklinga og auka fjölbreytileika þeirra hvort sem það er hjá sveitarfélaginu eða hjá fyrirtækjum á almennu markaði. Með þeirri ákvörðun hefur sveitarfélagið komið til móts við þá einstaklinga sem staðið hafa höllum fæti á vinnumarkaðinum. Auk þess hefur fjölskyldu- og barnamálasvið verið í samstarfi við **Ráðningarþjónustuna HH ráðgjöf** og hyggst bjóða upp á einstaklingsmiðuð námskeið þar sem farið er yfir alla þætti sem tengjast atvinnuleitinni og mun námskeiðið bæði fara fram á íslensku og ensku. Námskeiðið hefur t.d. staðið til boða fyrir atvinnuleitendur hjá Vinnumálastofnun. Fjölskyldu- og barnamálasvið hefur einnig í samstarfi við **Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar** hug á að bjóða upp á námskeið sem kallast Vinnusmiðjan og er ætluð einstaklingum sem þurfa mikinn stuðning við atvinnuleitina. Óhætt er að segja að með ráðningu verkefnastjóra hefur áhersla verið lögð á að skapa vinnu- og virkniúrræði hjá sveitarfélaginu.

Þann 12. mars sl. kynnti ríkisstjórn Íslands nýtt átaksverkefni undir yfirskriftinni **Hefjum störf** þar sem markmið átaksins er að aðstoða vinnumarkaðinn við að skapa störf og styðja atvinnuleitendur enn frekar við að verða virkir þátttakendur á vinnumarkaði á ný. Fjölskylduráð hefur fengið kynningu á drögum að samningi við Vinnumálastofnun þar sem markmiðið er að draga úr atvinnuleysi og bjóða störf við hæfi til sex mánaða. Frá því verkefnið var kynnt hefur fjölskyldu- og barnamálasvið borið ábyrgð á framkvæmd þess og hefur Brynjar Örn verkefnastjóri verið sá aðili sem hefur haldið utan um flesta þæði í samvinnu við sinn yfirmann og sviðsstjóra. Stýrihópur hefur verið myndaður þar sem fulltrúi frá hverju sviði er tengdur verkefninu auk þess sem fundað hefur verið með mannauðsdeild sveitarfélagsins, fjárreiðudeild og fleiri aðilum sem að málinu koma. Auk þess er áætlað að sumarátak námsmanna verði með einhverju sniði en það hefur enn ekki verið kynnt af félagsmálaráðuneytinu í samstarfi við samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Skv. greiningu á vinnufærum einstaklingum sem eru á fjárhagsaðstoð eru 23 einstaklingar á biðlista eftir starfi í gegnum Áfram verkefnið. Atvinnurekendur sem ráða einstakling innan verkefnisins fá greiddan styrk í sex mánuði sem nemur 197.200 kr. grunnupphæð fjárhagsaðstoðar. Í átaksverkefninu **Hefjum störf** fá atvinnurekendur styrk með atvinnuleitanda sem hefur verið á atvinnuleysissskrá í að minnsta kosti einn mánuð, sem nemur allt að 307.430 kr. að viðbættu 11,5% mótframlagi í lífeyrissjóð í allt að sex mánuði. Hámarksgreiðsla getur því verið 342.784 kr. Styrkurinn hækkar ef atvinnuleitandi hefur verið á atvinnuleysissskrá í að minnsta kosti tólf mánuði og nemur styrkurinn þá að hámarki 472.835 kr. á mánuði að viðbættu 11,5% mótframlagi í lífeyrissjóði í allt að sex mánuði. Hámarksgreiðsla getur því verið 527.211 kr. Hér hallar óneitanlega á meðgjöfina til vinnuveitenda og hætta er á að þeir verði ekki ákjósanlegur kostur fyrir atvinnurekendur.

Mikilvægt er að sveitarfélagið sé reiðubúið til að sinna þeim verkefnum sem framundan eru og því er lagt til að ráðningarsamningur við verkefnastjóra verði framlengdur. Enn er svigrúm á fjárhagsáætlun fyrir launum starfsmannsins. Einnig er lagt til að sveitarfélagið hækki styrkinn til atvinnurekenda, sem nemur upphæð átaksverkefnisins **Hefjum störf** eða í 342.784 kr. á mánuði. Heildarkostnaðurinn fyrir ofangreinda 23 vinnufæra einstaklinga á fjárhagsaðstoð eru tæpar 3,4 milljónir á mánuði. Ef einstaklingurinn er ráðinn til starfa hjá Hafnarfjarðarbæ og starfsstöðvarnar þurfa frekara fjármagn fyrir launagreiðslur getur vinnuveitandinn nýtt sér miðlægan pott sem stofnaður hefur verið innan sveitarfélagsins gagngert til að mæta samningi við Vinnumálastofnun um ráðningarstyrki en sá samningur gildir til 31. desember 2022.

Hafnarfirði, 21. apríl 2021

Soffía Ólafsdóttir, deildarstjóri